

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2008/EES/68/08

frá 29. ágúst 2005

um grundvallarkröfur sem um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/5/EB með tilliti til þess að tryggja neyðarþjónustu aðgang að Cospas-Sarsat-staðsetningarsendum (*)

(tilkynnt með númeri C(2005) 3059)

(2005/631/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/5/EB frá 9. mars 1999 um fjarskiptabúnað og endabúnað til fjarskipta og gagnkvæma viðurkenningu á samræmi þeirra ⁽¹⁾, einkum e-lið 3. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tiltæknir staðsetningarsendar, gervihnattarneyðarbaujur (EPIRB) sem starfræktar eru á 406 MHz tíðninni í Cospas-Sarsat-gervihnattakerfinu hluti af alþjóðlega neyðar- og öryggiskerfi fjarskipta á sjó (GMDSS-kerfinu).
- 2) Í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/71/EB frá 4. september 2003 um grundvallarkröfur varðandi fjarskiptabúnað um borð í skipum sem ætlaður er til notkunar í skipum, sem falla ekki undir samninginn um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS), og til þátttöku í hinu alþjóðlega neyðar- og öryggiskerfi fjarskipta á sjó (GMDSS-kerfinu) ⁽²⁾, verða framleiðendur gervihnattarneyðarbauja að sjá til þess að búnaðurinn sé þannig að hann virki rétt, uppfylli allar kröfur um starfhæfni í GMDSS-kerfinu í neyðartilvikum og geri skýr og traust boðskipti möguleg.
- 3) Ákvörðun 2004/71/EB tekur þó ekki til staðsetningarsenda sem ætlaðir eru til annarra nota. Þar sem búist er við að fjölmargir Cospas-Sarsat-staðsetningarsendar af þessari tegund verði notaðir sem neyðarsendar er nauðsynlegt að kveða á um að þeir verði, að svo miklu leyti sem þeir falla undir tilskipun 1999/5/EB, hannaðir þannig að þeir virki rétt samkvæmt viðurkenndum

kröfum um starfhæfni og uppfylli allar kröfur Cospas-Sarsat-gervihnattakerfisins.

- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um samræmistat í fjarskiptum og markaðsefirlit (TCAM).

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun þessi gildir um staðsetningarsenda sem ætlað er að starfa á 406 MHz tíðninni í Cospas-Sarsat-gervihnattakerfinu og falla ekki innan gildissviðs ákvörðunar 2004/71/EB.

2. gr.

Staðsetningarsendarnir, sem um getur í 1. gr., skulu vera þannig hannaðir að tryggt sé að þeir virki rétt samkvæmt viðurkenndum kröfum um starfhæfni og við þau rekstrarskilyrði þar sem leyfilegt er að nota þá. Í neyðartilvikum skulu þeir gera skýr og traust boðskipti möguleg, sem eru einnig mjög áreiðanleg og uppfylla þeir þar með allar kröfur Cospas-Sarsat-gervihnattakerfisins.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 29. ágúst 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günter VERHEUGEN

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 225, 31.8.2005, bls. 28. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 57/2006 frá 2. júní 2006 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44, 7.9.2006, bls. 3.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 91, 7.4.1999, bls. 10. Tilskipuninni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 16, 23.1.2004, bls. 54.